

Áætlun fyrir aðlögun nýrra barna

Þátttökuaðlögun barna að lífinu í leikskólanum hefur undanfarin ár rutt sér til rúms í flestum leikskólum landsins. Hún byggist á þeirri hugmyndafræði að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Jafnframt byggist þátttökuaðlögun á þeirri kenningu að foreldrar smiti eigin öryggiskennd og forvitni í nýjum aðstæðum til barna sinna. Þátttökuaðlögunin felur í sér að foreldrar eru þátttakendur frá fyrsta degi barnsins í leikskólanum og hafa þannig tækifæri til að kynna dagskipulaginu, starfsfólki og því námi og starfi sem fram fer í leikskólanum. Þannig geta foreldrar öðlast öryggi sem gefur börnunum mjög sterk skilaboð um að leikskólinn sé öruggur staður til að vera á.

Heimild: Kristín Dýrfjörð lektor í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri:

<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1302120/>

Áætlun fyrir þátttökuaðlögunina er eftirfarandi:

Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga:

Dagur 1: frá kl. 8:00 – 11:30

Dagur 2: frá kl. 8:00 – 15:00

Dagur 3: frá kl. 8:00 – 15:00

Foreldrarnir eru inni á deild með börnum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar.

Kennararnir eru einnig virkir þátttakendur í aðlöguninni. Á fjórða degi koma börnin um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega.

Á 4. og 5. degi hefur reynslan sýnt að gott er fyrir börnin að vera sótt fljótlega eftir að þau vakna, þ.e. þau sem leggja sig aðeins einu sinni á dag í leikskólanum.

Starfsfólk metur aðlögunarferlið út frá þörfum hvers barns og ræðir við foreldra ef þetta virðist að sveigja frá skipulaginu. Þau börn sem eiga vistunartíma færri daga vikunnar, fylgja áætluninni að mestu en reikna má með lengri viðveru foreldra fyrstu tvo dagana í annarri viku barnsins í leikskólanum.